

Til

:

Kristján Þór Magnússon

Frá

:

jon.stefansson@anr.is

Heiti

:

Re: 202102149 - Erindi til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Sent

:

25.03.2021 09:39:40

Höfundur

:

Jón Þrándur Stefánsson

Viðhengi[image007.jpg](#)[Áskorun um aukna úthlutun byggðakvóta á Kópasker 090321.pdf](#)[image008.jpg](#)[image009.jpg](#)

Tilvísun í mál: ANR21030250

Vísað er til erindis yðar í tölvupósti þann 16.3. sl. þar sem óskað er eftir því að ráðherra búi svo um hnúta að samstarf komist á milli Norðurlands og Byggðastofnunar um að auknum byggðakvóta verði útteilt á Kópaskeri og að reglugerð verði breytt þannig að Kópasker geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 643/2016, um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda skv. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Samkvæmt núgildandi reglum þá er ráðstöfun sértæks byggðakvóta alfarið á höndum Byggðastofnunar. Í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 643/2016 eru tiltekin skilyrði sem byggðarlög þurfa að uppfylla til þess að geta fengið úthlutun sértæks byggðakvóta. Samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun þá eru þær aflaheimildir sem ráðstafað er til sértæks byggðakvóta fullnýttar skv. þeim samningum sem Byggðastofnun hefur gert. Ekki verður því séð að jafnvel þótt breytingar yrðu gerðar á skilyrðum 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar að aflamark gæti komið til úthlutunar til fiskiskipa sem ekki eru aðilar að núgildandi samningum að óbreyttu.

Með kveðju,
Jón Þrándur

Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur / Specialist

Skrifstofa sjávarútvegs mála / Department of Fisheries
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9700
www.anr.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing Notandi: "Kristján Þór Magnússon"

Dagsetning: 16.3.2021 14:57:41

Til: "Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið"

Efni: 202102149 - Erindi til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Góðan dag.

Meðfylgjandi er erindi til nafna míns, sem tekið var fyrir á byggðarráðsfundi Norðurþings, fimmtudaginn 11. mars sl.

Erindið var afgreitt með eftirfarandi hætti:

202102149- Hvatning til byggðarráðs til að sækjast eftir aukinni úthlutun á byggðarkvóta

Á 355. fundi byggðarráðs var tekið fyrir erindi frá Hauki Eiðssyni þar sem kjörnir fulltrúar voru hvattir til að berjast fyrir bættum hag samfélagsins og tryggja aukna úthlutun kvóta á svæðinu.

Á fundinum var bókað;

Byggðarráð felur sveitarstjóra að undirbúa svar við erindinu og jafnframt að draga saman upplýsingar um þær aðgerðir sem sveitarfélagið hefur lagt til við yfirvöld í því skyni að auka byggðarkvóta í Norðurþingi.

Sveitarstjóra er einnig falið að undirbúa erindi til sjávarútvegsráðherra sem byggir á ofangreindu.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að svara erindinu og senda fyrirbyggjandi bréf til sjávarútvegsráðherra með áorðnum breytingum.

Með kveðju,

Kristján Þór

Kristján Þór Magnússon

Sveitarstjóri Norðurþings

Stjórnsýsluhús | Ketilsbraut 7-9 | 640 Húsavík | sími: 464 6100

a957034d-849a-49ba-9977-cd3e2ace37c0@nordurthingsam logo 

[Um ábyrgð á tölvupósti / email disclaimer](#)